

15. gr.

Þar sem ríkissjóður hefur greitt húsaleigu fyrirfram til félagsheimilisins f. h. samskólans á Hofsósi, fær skólinn þar á móti afnot af félagsheimilinu fyrir starfsemi sína svo sem mótuneyti, aðstöðu til kennslu, íþróttaiðkana og samkomuhalds í allt að 15 ár.

Félagsheimilið hafi samkvæmt samningi þar um engar kröfur á skólann vegna leigu, nema vegna hluta þess reksturskostnaðar, er sveitarfélög greiða ein.

16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 12. desember 1974.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

S A M Þ Y K K T I R

fyrir Sparisjóð Svarfdæla, Dalvík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Sparisjóður Svarfdæla“, tilheyrandi íbúum í Dalvíkurkaupstað og Svarfaðardalshreppi. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík, sbr. 23. gr. samþykta þessara.

2. gr.

Um lágmark varasjóðs og annars eigin fjár sparisjóðsins fer eftir ákvæðum laga um sparisjóði, nr. 69/1941.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sparisjóðsins skulu vera 20 og ábyrgjast þeir, hver fyrir sig, allt að kr. 10 000.00. Skal stjórninni skylt að sjá um að ábyrgðarmenn verði ekki færri. Skulu 14 ábyrgðarmenn hafa búsetu innan Dalvíkurkaupstaðar og 6 búsetu innan Svarfaðardalshrepps. Flytji ábyrgðarmaður í burtu úr sveitarfélaginu, eða verði 75 ára, fellur ábyrgð hans niður og skal stjórn sparisjóðsins þá þegar velja annan ábyrgðarmann í hans stað, þannig að hlutfall ábyrgðarmanna verði óbreytt. Ákvæði um aldurstakmark tekur ekki gildi fyrr en að liðnum 5 árum frá gildistöku samþykktanna.

4. gr.

Stjórn sparisjóðsins skipa 5 menn. Skulu 3 þeirra kjörnir á aðalfundi úr hópi ábyrgðarmanna til eins árs, en hinir 2 þannig, að bæjarstjórn Dalvíkur kys 1 mann og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu 1 mann, einnig til eins árs. Skal kosning þeirra tilkynnt fyrir aðalfund ár hvert. Varamenn skal kjósa á sama hátt og jafnmarga. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórn má endurkjósa og geta þeir ekki skorast undan kosningu og endurkosningu í 4 ár samfleytt. Stjórnin kys formann úr sínum hópi. Stjórn sparisjóðsins ræður sparisjóðsstjóra og aðra starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sparisjóðsins.

5. gr.

Í janúarmánuði ár hvert skal aðalfundur haldinn og boðar formaður hann öllum ábyrgðarmönnum minnst 7 dögum fyrir fundinn með ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt. Skulu þar lagðir fram reikningar sparisjóðsins fyrir næstliðið almanaksár, með athugasendum endurskoðenda og svörum stjórnar og úrskurðar fundurinn reikningana. Aukafundi boðar formaður á sama hátt, þegar honum þykir þörf á, eða minnst 7 ábyrgðarmenn æskja þess. Fundur er lögmætur þegar helmingur ábyrgðarmanna mætir. Á fundinum ræður afl atkvæða, þó má eigi gera breytingar á samþykktum sjóðsins nema $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna á lögmætum fundi samþykki. Ekki getur ábyrgðarmaður látið aðra mæta fyrir sig á fundum.

6. gr.

Til að rannsaka reikninga sparisjóðsins og bókfærslu alla skal velja 2 endurskoðendur. Skulu þeir kosnir þannig: Bæjarstjórn Dalvíkur og sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu kjósa sinn manninn hvor og einnig varamenn, sem ganga í stað aðalmanna í forföllum þeirra. Starfssvið endurskoðenda er samkvæmt reglugerð um sparisjóði, nr. 36 15. febrúar 1942.

7. gr.

Tilkynna skal bankaeftirlitinu hverjir eru kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

8. gr.

Stjórn sparisjóðsins er skylt að halda þær bækur, sem kveðið er á um í lögum um bókhald nr. 51/1968 og reglugerðum settum samkvæmt þeim, sbr. einnig reglugerð um sparisjóði frá 15. febrúar 1942.

9. gr.

Sparisjóðurinn tekur fé til ávöxtunar sem hér segir:

- a) í innlánsbók,
- b) í hlaupareikning.

10. gr.

Sparisjóðurinn tekur á móti fé til ávöxtunar með sparisjóðskjörum, þó er sparisjóðurinn eigi skyldur til að taka á móti mjög stórum fjárhæðum til ávöxtunar, ef sparisjóðsstjórnin telur það óhagkvæmt fyrir sparisjóðinn.

11. gr.

Vextir reiknast af heilum krónum frá og með næsta degi eftir að féð var lagt inn eða tekið út, þó eigi í minni hlutum en heilum krónum. Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn einu sinni á ári. Þó er sparisjóðurinn eigi skyldur til að greiða vexti þegar fjárhæðirnar standa skemur en 2 mánuði í sparisjóðnum.

12. gr.

Þeim, sem í fyrsta skipti leggur inn fé með sparisjóðskjörum, er fengin viðskiptabók, sem má láta hann greiða kostnaðarverð fyrir. Í hvert skipti, sem fé er lagt inn eða tekið út úr sparisjóðnum, skal það um leið ritað í viðskiptabókina. Þó má í sérstökum tilfellum taka við fé, án þess að bókin sé sýnd, gegn kvittun bókara og gjaldkera, enda fellur slík kvittun úr gildi, þegar innborgunin hefur verið færð í bókina, næst þegar bókin er sýnd í sparisjóðnum. Fyrir innlögnum og útborgunum kvittar bókari og gjaldkeri í viðskiptabókina og er það full sönnun fyrir greiðslunni. Vexti skal innfæra í viðskiptabækurnar þegar þær í fyrsta skipti eftir að vextir hafa verið lagðir við höfuðstól, eru sýndar í sparisjóðnum. Stjórnarformaður og sparisjóðsstjóri löggilda viðskiptabækurnar með undirskrift sinni. Glatist

viðskiptabók, ber eiganda hennar að snúa sér til stjórnar sparisjóðsins. Getur stjórn sjóðsins þá, eftir ósk eiganda og á hans kostnað, innkallað handhafa viðskiptabókarinnar og ógilt hana á þann hátt, sem segir í lögum um sparisjóði frá 27. júní 1941.

13. gr.

Af fé, sem sparisjóðurinn ávaxtar í venjulegri sparisjóðsbók verður greitt það, sem menn óska án uppsagnarfrests, þegar sparisjóðsstjóri telur það fært. Krefjast má, að fjárhæð kr. 100 000.00, eða þar yfir, sé sagt upp með mánaðar fyrirvara.

14. gr.

Eigi er heimilt að gefa upplýsingar um eignir annarra í sparisjóðnum, nema skylt sé að lögum.

15. gr.

Sparisjóðurinn veitir lán gegn fasteignaveði, ábyrgð sveitarfélaga, handveði og öðrum jafntryggum ábyrgðum og veðum, útlán úr hlaupareikningi og kaupir víxla. Þarf meiri hluti sparisjóðsstjórnarinnar að vera því samþykktur og hafa ákveðið tryggingu lánsins og hámark lánsupphæðar.

16. gr.

Hver sá, sem hefja vill hlaupareikningsviðskipti við sparisjóðinn skal semja um það við sparisjóðsstjóra. Um leið og hlaupareikningsviðskipti eru stofnuð, skal viðskiptamaður afhenda sjóðnum sýnishorn af undirskrift sinni.

17. gr.

Viðskiptamaður fær lausakvittun fyrir innborgun á hlaupareikning, tvírtaða ef óskað er.

18. gr.

Viðskiptamaður, er vill taka fé út úr hlaupareikningi, skal að jafnaði skrifa út tékkaávisun á sparisjóðinn á eyðublöð, er sjóðurinn sjálfur hefur til sölu. Tékkinn skal undirritaður af viðskiptamanni sjálfum eða af öðrum, sem hann hefur gefið lögfullt umboð til að ávísar á reikninginn, enda skal þá umboðið jafnframt afhent sparisjóðnum, ef það er eigi opinberlega tilkynnt. Komi það fyrir, að fölsuð ávisun sé greidd af sparisjóðnum, ber sá skaðann, sem á féð, nema um sé að kenna gáleysi sparisjóðsins.

19. gr.

Enginn má gefa út ávisun á meira fé en hann á inni á hlaupareikningi, nema sérstaklega sé um samið við sparisjóðsstjórn, enda sé yfirdráttarlán tryggt með persónuábyrgð, verðbréfum eða fasteignaveðum.

20. gr.

Innborganir og útborganir af hlaupareikningum skulu færðar þannig, að sparisjóðurinn geti látið reikningseiganda í té afrit af reikningi hans eins oft og þurfa þykir, en þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

21. gr.

Um vexti af innlögðu og útlánuðu fé við sparisjóðinn fer eftir þeim reglum, sem Seðlabanki Íslands setur bönkum og sparisjóðum hverju sinni.

22. gr.

Í þeim atriðum, sem ekki eru tilgreind í samþykktum þessum, skal farið eftir lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði og reglugerð fyrir sparisjóði frá 15. febr. 1942.

23. gr.

Leggist sparisjóðurinn niður, skal varasjóður hans og aðrar eignir verða eign Dalvíkurkaupstaðar og Svarfaðardalshrepps, en ábyrgðarmenn, sem þá eru við sjóðinn, skulu hafa rétt til þess að ráðstafa því fé nánar með samþykki stjórnarráðsins.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með. Jafnframt eru felldar úr gildi samþykktir nr. 228 18. des. 1943 fyrir sparisjóð Svarfdæla með áorðnum breytingum.

Viðskiptaráðuneytið, 12. desember 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.

17. desember 1974.

Nr. 402.

S A M Þ Y K K T

fyrir Brunavarnir Árnassýslu.

1. gr.

Stofnendur Brunavarna Árnassýslu (B. Á.) eru eftirtalin sveitarfélög:

Selfosshreppur,
Gaulverjabæjarhreppur,
Hraungerðishreppur,
Sandvíkurhreppur,
Skeiðahreppur,
Villingaholtshreppur.

Aðsetur og varnarþing B. Á. er á Selfossi.

2. gr.

Tilgangur Brunavarna Árnassýslu er að koma á sem fullkornustum brunavörnum á samningssvæðinu, annast þær og kosta. Í því skyni skulu þær m. a. reka slökkvilið og búa það öllum nauðsynlegum tækjakosti, byggja slökkvistöð á Selfossi og koma á fullkomnu eldvarnaeftirliti á félagssvæðinu. Unnið skal að því, með upplýsingastarfssemi og fræðslu, að fólk kunnir sem best skil á því, hver viðbrögð séu vænlegust til hjargar, ef eldsvoða ber að höndum. Í því sambandi skal að því stefnt, að handslökkvitæki af viðurkenndri gerð séu á hverju heimili. Varðandi sveitahreppana skal félagið m. a. vinna að eftirfarandi, eftir því sem frekast er unnt:

- a. Að samin verði fyrir hvern hrepp ítarleg skýrsla um byggingar, vegi, vatnstökuskilyrði og annað, er máli skiptir um aðstöðu hvers býlis og byggingar. Skal eintak af spjaldskrá þessari geymt í slökkvibíl.
- b. Að í sveitahreppunum verði komið upp hjálfuldum hjálparsveitum, 5—7 mönnum í hverjum hreppi. Menn þessir skulu vinna með slökkviliði Selfoss. Yfirmaður og varamaður hans skal ákveðinn fyrir hverja hjálparsveit og skal sá yfirmaður stjórna hjálparsveit hreppsins, sem og öðrum hjálparmannskap, ef eldsvoða ber að höndum, uns slökkviliðsstjóri Selfoss kemur á staðinn.
- c. Að á hverju sveitabýli sé til stigi, sem nái til björgunar frá efstu hæðum húsa.
- d. Að til séu líflínur ásamt gluggakrókum, þar sem hús eru tvær hæðir eða meira.

3. gr.

Brunavarnir Árnassýslu kaupa slökkvibúnað slökkviliðs Selfosshrepps, sem og slökkvistöðina á Selfossi. Félagið kaupir einnig slökkvibifreið þá, sem nú er í eigu sveitahreppanna fimm, ásamt öllum búnaði, sem henni fylgir.